

Alþingi  
Erindi nr. P 132/623  
komudagur 13.1.2006

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

11. janúar 2006

/SB

**Efni:** Umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1994 (heimilisofbeldi). Þskj. 419 — 365. mál.

Þann 15. desember s.l. fól framkvæmdarstjóri Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa undirritaðri að vinna umsögn félagsins um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1994 (heimilisofbeldi).

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa hefur farið yfir tillögur frumvarpsins og telur þær breytingar er þar koma fram vera til bóta. Mikilvægt er að sérstaða náinna tengsla viðkomandi sé virt og tekið sé sérstaklega á brotum sem framin eru undir þeim formerkjum. Að mati undirritaðrar er nokkuð skýrt í athugasemdum með tillögunni þær skilgreiningar sem gengið er út frá varðandi refsipýngingarástæðu vegna náinna tengsla geranda og þolanda.

Undirrituð fyrir hönd Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1994.

Virðingarfyllt

f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

  
Snjólaug Birgisdóttir, félagsráðgjafi